

Skipulagsstofnun  
Þóroddur F. Þóroddsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun
Áb. _____
31. ágú. 2011
10.5.0
Tilv.



Reykjavík, 31. ágúst 2011  
Tilvísun: UST20110800064/ksj

## Þríhnúkar, Kópavogsbæ. Aðgengi ferðamanna- aðkomuvegur, þjónustumiðstöð og aðstaða til skoðunar. Tillaga að matsáætlun. Umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 11. ágúst þar sem óskað er umsagnar um tillögu að matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar skv. 2. mgr. 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og 15. gr reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum.

Þríhnúkar standa upp á hálandisbrúninni ofan við Heiðmörk í Kóngslandi, um 20 km suðaustur af höfuðborgarsvæðinu í átt að Bláfjöllum. Þríhnúkagígur er gíghvelfing í norðaustasta hnúki Þríhnúka.

### Áætluð framkvæmd

Framkvæmdin í og við Þríhnúka felst í því að gerður verði aðkomuvegur frá Bláfjöllum um 2,7 km leið að bílastæði, sem áætlað er í átt að Þríhnúkagíg. Gert er ráð fyrir aðkomubyggingu, og að frá henni liggi jarðgöng inn í gíghvelfinguna miðja. Inni í gínum er áætlað að koma fyrir útsýnissvölum í um 60 m hæð yfir gígbotninum.

Aðkomuvegur er um Strompahraun þar sem eru hraunmyndanir og hellar sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

### Aðrar hugmyndir

Umhverfisstofnun tekur undir hugmyndina um að aðkomubílastæði og aðstaða verði í Bláfjöllum og léttlest að jarðgangamunna. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að rökstyðja hvers vegna ofangreindur kostur verði ekki skoðaður frekar. Stofnunin bendir á að þjónustubygging og aðstaða geti verið við gangnamunna, en með léttlest er olíumengunarhættu bægt frá svæðinu og ekki er þörf á bílastæðum í hrauninu, en þau tækju upp mikið rými sbr. áætlaðan gestafjölda. Umhverfisstofnun bendir til samanburðar á aðkomu að hinum vistvæna bæjarhluta Stokkhólms Hammarsby Sjöstad. Í kynningu á áætlunum um ofangreinda framkvæmd kom fram áætlun um að samnýta bílastæði með

skíðasvæði í Bláfjöllum.

## Aðkomubygging

Í ofangreindri tillögu að matsáætlun kemur fram að gert er ráð fyrir að aðkomubygging þurfi að vera 1.000 – 2.000 m<sup>2</sup> að stærð. Koma þarf í frummatsskýrslu hvort ofangreind stærð aðkomubyggingar sé miðuð við 200.000 manns sem ráðgert er að taka á móti í byrjun rekstrar svæðisins, eða hvort þetta sé sú stærð sem ráðgerð er fyrir 500.000 manns sem vonast er eftir að heimsæki staðinn þegar fram í sækir.

## Útsýnissvalir

Fram kemur í tillögu að matsáætlun að ráðgerð eru jarðgöng frá aðkomubyggingu og er áætlað að þau endi í gínum í útsýnissvölum í 60 metra hæð frá gígbotninum. Að mati Umhverfisstofnunar er opnun á gínum óafturkræf aðgerð á einstökum náttúrumínjum. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að fara varlega í allar framkvæmdir þegar komið er að gínum sjálfum, og telur stofnunin að áætlanir um útsýnissvalir fyrir allt að 100 manns, vera áætlanir um umfangsmikla aðgerð í gínum. Að mati stofnunarinnar þarf áætlunum um útsýnissvalir að vera gerð góð skil í frummatsskýrslu og þarf áætlað flatarmál þeirra að koma fram, og hvort svölunum er ætlað að ná þvert yfir gíginn. Einnig þarf að koma fram stærð gígopsins í 60 metra hæð frá gígbotninum. Á sneiðmynd bls. 4 eru göngin sýnd jafnbreið alla leið að opinu á gínum, í frummatsskýrslu þarf að koma fram hvort átlunin sé að þau verði jafnbreið alla leið að gígopinu. Ef áætlunin er önnur, þá þarf að koma fram hve mikið er áætlað að opna í hliðina á gínum, því meiri opnun þýðir meira rask.

## Lagnir

Í umfjöllun um þörf fyrir vatn á framkvæmdasvæðinu kemur fram að ekki er ljóst hver endanleg framkvæmd vatnslagna og rafmagnslagna muni verða. Einnig kemur fram að fleiri en einn kostur um frárennsli og rotþró/safnþró eru til skoðunar. Að mati Umhverfisstofnunar er rotþró lausn sem ekki hentar fyrir svo mikið fjölmenni og áætlað er að heimsæki svæðið, í frummatsskýrslu þarf því að skoða safnþró og möguleika á hreinsistöð nærrí framkvæmdasvæðinu.

## Ferðaþjónusta

Fram kemur að í frummatsskýrslu verði fjallað um þolmörk svæðisins m.t.t. náttúru og ferðamanna sjálfra. Einnig kemur fram að fjallað verði nánar um spár um fjölda gesta á svæðinu. Í upphafi umfjöllunar kemur fram sá fjöldi er gert er ráð fyrir að fá í heimsókn í byrjun og svo síðar. Að mati Umhverfisstofnunar þarf umfjöllun um þolmörk svæðisins að fara fram áður en farið er að giska á gestafjölda.

## Öryggi ferðamanna

Í umfjöllun um öryggi ferðamanna kemur fram að styrkja þurfi jarðgöngin með sprautusteypu, þar sem berggæði eru léleg. Að mati Umhverfisstofnunar þarf efnainnihald sprautusteypunnar að koma fram í frummatsskýrslu. Einnig kemur fram að gera þurfi ráð fyrir flóttaleiðum. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að koma skýrt fram hvaða á röskun á eldhrauni er fyrirhuguð vegna flóttaleiðanna, og hvar þau verða staðsett. Einnig kemur fram,

að gígopið verði varið, að mati stofnunarinnar þarf að sýna hvernig verja á opið þannig að það komi ekki niður á verndun opsins og raski það ekki.

## Mat á umhverfisáhrifum

Í umfjöllun um áherslur í mati á umhverfisáhrifum segir í tillögu að matsáætlun á framkvæmdum er varða Þríhnúkagíg í Kópavogi, aðkomuveg, þjónustumiðstöð og aðstöðu til skoðunar segir.: „*Ahrif fyrirhugaðra framkvæmda á umhverfið á framkvæmdatíma geta falist í beinu raski á landi.*“ Að mati Umhverfisstofnunar liggur beint fyrir að ef af fyrirhuguðum framkvæmdum verður þá felast áhrifin í beinu raski á landið. Einnig bendir Umhverfisstofnun á að framkvæmdirnar munu hafa áhrif á landslag og ásýnd svæðisins sem er fólkvangur. Einnig munu framkvæmdirnar hafa áhrif á útivist og fjarsvæði vatnsverndar.

## Grunnvatn

Þríhnúkar eru á svæði sem er skilgreint sem fjarsvæði vatnsverndar á Aðalskipulagi Kópavogs 2000 – 2012 og fjarsvæði A í Svæðisskipulagi vatnsverndarsvæða á höfuðborgarsvæðinu. Í umfjöllun um grunnvatn og gerla- og efnamengun frá salernis- og hreinlætisaðstöðu er vitnað í skýrslu þar sem fram kemur að gerlar þoli ekki langa dvöl neðanjarðar og einnig kemur fram að sápa og önnur hreinlætisefni brotni tiltölulega hratt niður. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að rökstyðja slíkar fullyrðingar í frummatsskýrslu. Umhverfisstofnun bendir einnig á að nitur og fosför fylgja í frárennsli, ekkert er minnst á slík efni. Varðandi olíumengun bendir Umhverfisstofnun á að bílastæði gætu verið staðsett við Bláfjallaveg og léttlest flutt fólk um 2,7 km leið að Þríhnúkagíg sbr. ofangreint.

## Fólkvangur

Þríhnúkar eru innan Bláfjallafólkvangs sem var stofnaður með friðlýsingu árið 1973 og ákvæði friðlýsingar endurskoðuð árið 1985. Einnig er á gígnum og hrauninu umhverfis sérstök vernd skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Í tillögu að matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar kemur fram að vegur frá Bláfjallaleið að Þríhnúk á bæði að vera opinn og aðgengilegur á öllum árstínum og að vegurinn muni hannaður þannig að hann falli vel að lítt röskuðu landi. Einnig kemur fram að verkefnið að gera gíghvelfingu Þríhnúkagígs aðgengilega almenningu og um leið að vernda gíginn sé þversagnakennt í sjálfu sér. Í umfjöllun um aðgengi og verndun er talað um hófstillta nálgun. Umhverfisstofnun bendir á áætlanir um gestafjölda, og telur það ekki samræmast hófstilltri nálgun. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að koma skyrt fram í frummatsskýrslu hvernig þessum ólíku markmiðum verði náð.

Í umfjöllun um umhverfisáhrif á gíginn kemur fram að: „*Ahrif á gíginn vegna fyrirhugaðra framkvæmda geta falist í beinum áhrifum á myndanir inni í gígnum sjálfum vegna rasks.*“ Að mati Umhverfisstofnunar verða bein áhrif á gíginn, enda mun Þríhnúkagígur breytast úr náttúrulegu fyrirbæri í fyrirbæri sem er náttúrulegt og manngert.

Vrðingarfylst  
Kristin Linda Árnadóttir  
Forstjóri

Kristín S. Jónsdóttir  
Kristín S. Jónsdóttir